

**Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. desember 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-50/2016:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 30. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur vegna útlagðs kostnaðar vegna viðgerðar á bifreiðinni.

**II**

**Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 15. ágúst sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 30. ágúst. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 28. desember, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 9. mars 2016 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 2.200.000. Var bifreiðin af gerðinni Skoda Octavia, árgerð 2011, fyrst skráð 1. júlí 2011. Segir álitsbeiðandi að um 3 mánuðum eftir kaup hafi svokallaður EGR ventill í vél bifreiðarinnar bilað. Lét álitsbeiðandi skipta um ventilinn og greiddi hann fyrir þá viðgerð kr. 81.818 skv. reikningi dags. 26. júní 2016, en seljandi mun hafa greitt jafn háa upphæð, þ.e. að heildarkostnaður vegna viðgerðarinnar mun hafa numið um kr. 162.000. Telur álitsbeiðandi að um leyndan galla hafi verið að ræða og ósanngjarn sé að hann beri það tjón sem til gallans verður rakið. Segist álitsbeiðandi hafa haft samband við seljanda sem hafi fallist á að greiða helming viðgerðarinnar og viðurkennt að um þekktan galla væri að ræða í bifreiðum sömu tegundar. Telur álitsbeiðandi, með vísan til 16., 17. og 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, að hann eigi rétt á að seljandi greiði kostnað vegna viðgerðarinnar að fullu. Sem fyrr segir krefur álitsbeiðandi seljanda um skaðabætur vegna útlagðs kostnaðar vegna viðgerðar á bifreiðinni, samtals kr. 81.818.

**IV**

**Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 9. mars 2016 fyrir kr. 2.200.000. Bifreiðin er af gerðinni Skoda Octavia, árgerð 2011 og fyrsti skráningardagur hennar 1. júlí 2011. Bifreiðin var því 4 ára og um 8 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið um 92.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í

gögnum málsins. Hvorki kaupsamningur né afsal liggja fyrir í málinu, en ætla má að í kaupsamningi fyrir bifreiðinni hafi komið fram að bifreiðin væri seld í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við, en seljandi hafi kunni að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Þá má ætla að eins hafi komið fram að kaupandi hafi verið hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings.

Má því ætla að kaupin á bifreið álitsbeiðanda falli undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Af álitsbeiðni að dæma var bifreiðin ekki skoðuð af óháðum aðila fyrir kaupin, heldur sá álitsbeiðandi sjálfur um skoðunina og munu einhver atriði hafa komið fram við þá skoðun, sem seljandi lagfærði fyrir kaupin. Þá hefur þeirri fullyrðingu álitsbeiðanda að kaupverðið hafi verið sambærilegt og á öðrum bifreiðum af sömu gerð, álíka eknum, ekki verið mótmælt.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Nefndin telur jafnframt vandséð seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr., en nefndin telur afar ólíklegt að seljandi hafi verið kunnugt um að EGR ventill umræddrar bifreiðar myndi bila nokkrum mánuðum eftir kaupin, en þrátt fyrir að slíkt geti vissulega komið fyrir bifreiðar af sömu gerð, svipað mikið eknum, þá er ekki hægt að gera ráð fyrir því að slíkar bilun muni örugglega koma fram í öllum samskonar bifreiðum og er alla jafna ekki hægt að sjá slíkar bilanir fyrir með nokkrum hætti. Er því ekki hægt að fallast á að seljandi hafi mátt vita, eða hlotið að þekkja til þess að EGR ventillinn myndi bila.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði að fullu fyrir

viðgerð vegna bilunar og eftirfarandi úskiptingar á EGR ventli, en fyrir þau úskipti greiddi álitsbeiðandi kr. 81.818. EGR ventillinn (Exhaust gas recirculation) þjónar þeim tilgangi að hægt er að stjórna hversu mikið hleðst af gastegundum í brunahólfið og þar með að draga úr eða koma í veg fyrir bruna, það er eyðslu eldsneytisins, þegar ekki er bein þörf á afli, s.s. á afslætti eða viðhaldi í akstri. Ventillinn skilur að pústgrein og soggrein og er stjórnað af ECM (Engine Control Module). Skilar ventillinn óbrunnum gastegundum aftur til brunans vegna þrýstingsmunar sem nýtast þegar þörf er á.

Bifreið álitsbeiðanda var tæplega 5 ára við kaupin og ekin um 92.000 km. Ekkert bendir til þess að seljandi hafi mátt eða getað vitað af bilun í ventlinum, en búast má við því í jafn mikið eknum bifreiðum af umræddri gerð, að EGR ventill í vélum þeirra geti bilað án fyrirvara. Þá gat álitsbeiðandi ekki vænst þess að bifreiðin myndi ekki þarfnast viðhalds eða minniháttar viðgerða, enda bifreiðin fjarri því ný. Er það því mat kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi að þessu leyti ekki verið verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

## V

### Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson